

# Leikskólinn Ákrar

Ársskýrsla skólaárið 2013-2014



Sigrún Sigurðardóttir og Ragnhildur Gunnlaugsdóttir

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	1
Námsskrá leikskólans .....	2
Uppbyggingastefnan .....	2
Mat á skólaárinu 2013-2014 .....	3
Matsaðferðin.....	3
Það sem var metið.....	3
Sumarstarf/Sumarfrí .....	3
Aðlögun nýrra barna. ....	3
Desembermánuður.....	3
Heimasíða.....	4
Flæði .....	4
Foreldrakönnun.....	4
Barnahópurinn .....	5
Starfsmannahópurinn .....	5
Stefna í starfsmannamálum .....	5
Starfs og skipulagsdagar skólaárið 2013-2014 .....	6
Húsnæði og viðhald .....	8

## Námsskrá leikskólans

Eitt af helstu verkefnum okkar á þessu skólaári var að gera skólanámskrá með hliðsjón að nýrri Aðalnámskrá. Í vor fóru tveir starfsmenn á námskeið á vegum Menntamálaráðuneytis um það hvernig við getum tileinkað okkur nýja Aðalnámskrá. Á námskeiðinu var farið yfir vinnufyrirkomulag við gerð skólanámsskráar. Eftir námskeiði gerðu starfsmennirnir tveir verkefnaáætlun um gerð skólanámsskrá leikskólans Akra. Í ágúst 2013 byrjaði vinnan og tóku allir starfsmenn leikskólans fullan þátt í henni. Það fengu allir undirbúningstíma til að lesa valda kafla úr Aðalnámsskrá leikskóla fyrir hvern vinnufund. Vinnufundirnir með öllum starfsmönnum voru fimm talsins. Starfsmönnum var skipt upp í fimm hópa þvert á deildir og voru deildastjórar og sérkennslustjóri hópstjórar. Þegar sú vinna var búin þá setti stjórnendateymi leikskólans námskrána saman. Skólanámskráin var svo samþykkt fyrir leikskólanefnd í mars 2014 og er hún sýnilega á heimasíðu leikskólans.

## Uppbyggingastefnan

Sú ákvörðun var tekin í byrjun skólaárs að skoða betur og tileinka okkur Uppbyggingarstefnuna. Starfsfólk hafði fengið tvær stuttar kynningar á stefnunni. Haustið 2012 var stutt almenn kynning á stefnunni og svo í byrjun árs 2013 kom leikskólastjórinn af Krakkakoti og sagði frá stefnunni og hvernig gekk að innleiða hana í leikskólanum hjá henni. Í september var farið á fullt við að undirbúa námsferð til Toronto sem starfsmenn leikskólans stefndu á með vorinu. Þar ætlum við að kynna okkur hvernig við getum nýtt okkur uppbyggingastefnuna í starfi með börnum. Í mars var námskeiðið Restitution 1 (Uppbyggingastefnan) og var það mjög uppbyggilegt og hafði jákvæð áhrif á starfsmannahópinn og vaknaði enn meiri áhugi og tilhlökkun fyrir námsferðinni. Var ákveðið að á skipulagsdegi í september yrði námskeið í sáttmálagarð og samskiptaleiðum út frá Uppbyggingastefnunni og að starfsmenn myndu gera starfsmannasáttmála.

Í apríl var farið til Toronto þar sem Cindy Brown og Heather tóku á móti okkur með námskeið sem var miðað að leikskólum. Þetta var skemmtilegt og lifandi námskeið þar sem jákvæðnin og gleðin skein úr andlitum námskeiðshaldara og eins má segja um þátttakendur. Við komum heim af námskeiðinu með mikla þekkingu og góða yfirsýn yfir megin inntak Uppbyggingarstefnunnar og hvernig hægt væri að nýta hana í starfi með ungum börnum. Það mun eflaust hafa jákvæð áhrif á það hvernig við sem starfsmannahópur munum vinna með börnunum. Hver og einn hefur ólíkar þarfir og með því að taka tillit til þess, vinnum við með hvern einstakling fyrir sig. Með því að hafa í huga hvaða þarfir liggja að baki hegðun barnanna eykur það skilning okkar á neikvæðri og/eða jákvæðri hegðun þeirra. Eftir ferðina komum við á Ökrum okkur upp stýrihópi sem mun halda okkur við efnið.

## Mat á skólaárinu 2013-2014

### Matsaðferðin

Í janúar var farið með nokkur atriðið inn á deildarfundi þar sem starfsmenn deildanna unnu með atriðin í sameiningu. Í vor fengu foreldrar rafræna foreldrakönnun í netpósti og var ágætis svörun í henni. Helstu niðurstöður voru svo teknar saman frá deildunum og kynntar á starfsmannafundi ásamt því að niðurstöður foreldra könnunar voru einnig kynntar. Eftir kynningar var rætt um niðurstöður og fundin sameiginleg leið til að gera betur.

### Það sem var metið

#### Sumarstarf/Sumarfrí

Sumarstarfið gekk almennt mjög vel það voru fleiri ungmenni sem komu og unnu yfir sumarið því það kom bæði frá sumarátakinu og unglingavinnunni. Yfir mitt sumarið var mikið af starfsmönnum en lítið af börnum og því voru ekki nægjanleg verkefni fyrir alla starfsmennina. Þetta þurfum við að skipuleggja betur næst vor.

#### Aðlögun nýrra barna.

Það er almenn ánægja með þátttökuaðlögunina bæði hjá starfsmönnum og foreldrum. Foreldrar verða meðvitaðir um það hvernig starfið inn á deildum gengur fyrir sig. Starfsmenn, börn og foreldrar kynnast betur og búa allir að því. Einnig eflir það okkur í starfi. Aðlögun barna innanhús gekk vel en við erum viss að hún verði betri eftir flæði vetrarins þar sem börnin þekki þá allan leikskólann og alla starfsmenn.



#### Desembermánuður.

Í desember er margt að gerast hjá okkur í leikskólanum og nú í ár ákváðum við að meta kirkjuferð, aðventukaffi og jólaball.

Í kirkjuferðina fóru börn sem voru 3 ára (á árinu) og eldri og erum við sátt við að hafa það aldursviðmið. Það er gott að rúta kemur að sækja okkur og keyrir heim en síðast var smá misskilningur á tímasetningu þannig við þurftum að bíða aðeins eftir rútubústjórunum eftir kirkjuferð en það var bara sungið og trallað þangað til þeir komu. En það kenndi okkur að hafa allar tímasetningar á hreinu.

Aðventukaffið gekk almennt vel fyrir sig það komu foreldrar frá langflestum börnunum. Það þarf að passa vel upp á þau börn sem fengu ekki foreldra í heimsókn eða foreldrarnir komu seint í heimsókn. Við vorum með brauðbollur og álegg og myndaðist röð þar sem það tekur smá tíma

að skera bollurnar og smyrja og erum við að hugsa um að hafa auðveldara meðlæti í næsta aðventukaffi t.d. kleinur.

Jólaballið var haldið 13. desember og búa börnin til jólaskraut til þess að setja á jólatréð. Það er ákveðin athöfn þegar þau setja skrautið á tréð. Það gekk ekki nógu vel í fyrri því við fengum jólatréð í hús seinni partinn þann 12. des. Við þurfum að fá það tveimur dögum fyrir jólaball þannig að allt gangi upp. Við vorum svo heppin að hafa tvo starfsmenn sem spiluðu undir á píanó og gítar og gerði það jólaballið miklu líflegra og skemmtilegra. Þannig að héðan í frá ætlum við að reyna að útvega okkur spilara, úr starfsmannahópnum eða foreldrahópnum.



### Heimasíða

Heimasíða leikskólans er alltaf á uppleið hjá okkur og erum við að stöðugt að þróa og bæta okkur í gerð hennar. Aðstoðarleikskólastjóri sér um að setja allt inn á heimasíðuna sem kemur almennt að leikskólanum en deildarstjórar hafa séð um að setja inn myndir, skipulag og fréttir frá sinni deild. Það hefur gengið ágætlega en langar okkur að hafa það markvissara þannig foreldrar fara að nýta sér heimasíðuna meir.

### Flæði

Einu sinni í viku er sameiginlegt val allra deilda leikskólans en þá flæða börn og starfsfólk um allan skólann. Leikskólanum er skipt upp í 7 svæði og er þema á hverju svæði. Hvert barn og hver kennari velur sér svæði eftir áhuga. Leiktíminn er u.þ.b. klukkutími í senn og á hverju svæði fer fram fjölbreytt starf þar sem allir eru virkir. Með flæðinu eykst fjölbreytni í starfinu þar sem áhugi hvers og eins fær að njóta sín. Börn og kennarar kynnast þvert á deildir og við nýtum styrkleika hvers og eins. Í flæðinu lærum við hvert af öðru og styrkjum skólann sem eina heild.



Þegar kom að því að meta flæðið þá var sú ákvörðun tekin að fram að áramótum ætlar yngstadeildin að sleppa flæðinu. Börnin eru ung og eru að aðlagast nýjum leikskóla og teljum við það nóg fyrir þau til að byrja með.

Einnig ætlum við að vera með flæði annan hvern föstudag fram að áramótum.

### Foreldrakönnun

Í vor fengu allir foreldrar senda könnun í tölvupósti þar sem þeir voru spurðir ýmissa spurninga er varða samskipti, umönnun og upplýsingagjöf. Báðir foreldrar fengu sendan póst og 109 af

Þeim skoðuðu könnunina en það voru síðan 84 sem svöruðu henni. Við erum með 12 systkini þannig það er svolítið í óvissu frá hversu mörgum heimilum við fengum svör en könnunin gefur okkur vísbendingu um hvernig starfið gengur hjá okkur.

Helstu niðurstöðurnar voru þær að foreldrar voru almennt ánægð með líðan barnsins í skólanum og samstarfið á milli heimilis og skóla. Foreldrum fannst upplýsingar um starf leikskólans ekki nógu aðgengilegar og eru almennt ekki mikið að skoða heimasíðuna. Þeim finnst betra að fá tölvupóst frá leikskólanum með fréttum eða ef eitthvað er um að vera. Foreldrar nýttu sér upplýsingatöflur inn í fataklefa, þar er skrifað til að minna á ferðir eða annað sem farið verið í og einnig er sagt frá því sem hefur verið gert yfir daginn. Einnig kom fram að við getum alltaf bætt okkur í að taka á móti og kveðja börnin. Á starfsmannafundi var farið yfir skoðanakönnunina í heild sinni og í lokin var gerð áætlun um það sem má lagfæra.

## Barnahópurinn

Í leikskólanum eru fjórar deildir og eru 25 börn á hverri deild. Haustið 2012 voru tekin inn 38 börn í þremur hollum. Það byrjuðu 21 barn 8.ágúst, 11 börn byrjuðu 20. ágúst, 6 börn byrjuðu 27 ágúst.

Fyrsta desember 2013 voru 100 börn á leikskólanum.

Það voru 8 börn fædd 2008

Það voru 18 börn fædd 2009

Það voru 48 börn fædd 2010

Það voru 25 börn fædd 2011

Það var 1 barn fætt 2012



## Starfsmannahópurinn

Í desember 2013 voru 33 starfsmenn í leikskólanum og var einn af þeim í fæðingarorlofi. Þar af voru 8 leikskólakennarar, 1 grunnskólakennari (í fæðingarorlofi), 1 með B.Ed. í grunnskólafræðum, 1 þroskaþjálfari, 3 háskólamenntaðir starfsmenn, 16 leiðbeinendur, 1 matráður og 2 aðstoð í eldhúsi.

## Stefna í starfsmannamálum

Vel hefur tekist hjá okkur byggja upp góðan starfsanda þar sem allir eru í sama liði og hjálpast að. Við horfum á leikskólann sem eina heild á morgnanna klukkan 7:30-9:00 og seinnipart klukkan 16:00-17:00. Á hverjum morgni klukkan 9:00 eru fundir þar sem einn starfsmaður af

hverri deild kemur og farið er yfir stöðuna í húsinu, eru einhver veikindi á börnum og starfsmönnum og hvernig við hjálpumst að við að leysa daginn.

Við erum með fasta starfsmannaviðburði yfir veturinn og er vel mætt á þá og einnig erum við með starfsmannafélag sem tekur þátt í að greiða þá eitthvað niður. Einnig var námsferðin til Toronto mikil hópefling fyrir okkur. Í september á skipulagsdegi verður svo farið yfir samskiptamáta og starfsmannasáttmáli verður gerður.

Sú ákvörðun var tekin að deildastjórafundir voru annan hvern mánudag og ein deild með deildarfund fyrir hádegi á mánudögum. Þegar leið á vorið þá fannst okkur við þurfa að hafa deildarstjórafund á hverjum mánudegi og deildarfundir tvisvar í mánuði og breyttum við því rétt fyrir sumarfrí.

Markmið okkar varðandi símenntun er að starfsmenn geti nýtt sér áhugaverð námskeið sem í boði eru t.d námskeið sem Menntanefnd Kragans býður uppá svo eitthvað sé nefnt. Leggjum við upp með að hver starfsmaður fari a.m.k. á tvö námskeið yfir skólaárið.

### **Starfs og skipulagsdagar skólaárið 2013-2014**

#### 26. ágúst 2013 fundur frá 17-20

- Hagnýtar upplýsingar
- Kynning á námskrágerð
- Deildarstjórafundir

#### 13.september 2013 skipulagsdagur 8:30-16:00

- Námskrágerð – hóparnir vinna saman inn á deildum svo koma allir saman inn í sal.
- Almennt spjall
- Skyndihjálparnámskeið eftir hádegi

#### 15. október 2013 fundur 17:00-20:00

- Námskrágerð

#### 28. október 2013 Skipulagsdagur 8:00-16:00

- Hópleikur.
- Námskrágerð – unnið í hópum fyrir hádegi
- Kynning á Fragile genagalla
- Deildarfundir

#### 6. nóvember 2013 fundur 17:00-19:00

- Almennur starfsmannafundur í sal

- Jólaundirbúningur

11.nóvember 2013 fundur 17:00-19:00

- Námskrágerð

2. desember 2013 stjóra verkefnavinna 16:00-19:00

- Drög að námskrá gerð

2. janúar 2014 Skipulagsdagur 8:00-12:30

- Mat á starfi haustannar, hver deild vinnur að matinu
- Allir saman inn í sal og farið yfir niðurstöður deildanna
- Deildarfundir

13. janúar 2014 fundur 17:00-19:00

- Kynning á Barnasáttmálanum Leikskólinn Sunnuhvoll var með okkur

11. febrúar fundur 2014 17:00-19:00

- Haldið var námskeið á vegum Greiningarstöðvarinnar um einhverfu og skipulagða kennslu
- Starfsmannafundur í sal

13. mars 2014 fundur 17:00-20:00

- Námskeið um Uppbyggingastefnuna (Restitution 1). Góður undirbúningur fyrir námsferð til Toronto
- Deildarfundir

7.maí 2014 fundur 17:00-19:00

- Starfsmannafundur í sal talað um sumarstarfið, sumarfrí starfsmanna og barna, sumarafleysingarfólk og sumarskipulag.



## Húsnæði og viðhald

Frá byrjun hafa komið upp leka vandamál í skólanum og er komið í ljós hvaðan lekin kemur og verður það lagað í ágúst og september 2014. Það þarf að laga skyggnið á þakinu fyrst og svo verður farið í að laga inni þær rakaskemmdir sem hafa orðið t.d. í sal og fataklefa. Enn á eftir að



laga tölvustýringu á gluggum og gardínum. Ekki er búið að klára útigeymslu, það á eftir að einangra og hita hana að innan. Búið er að setja dúk á veggina inn á Móa og Mýri þar sem brotnað hafði upp úr opinu sem er inn í Hellinn. Það voru settir fellislistar undir hurðir á skrifstofu, fundarherbergi og sérkennsluherbergi og einnig voru settir gúmmílistar á rennihurðir. Í vor

komu aðilar að skoða loftræstikerfið og settu nýja síu og þá kom í ljós að fellilistarnir eru á skjön við það hvernig loftræstikerfið virkar og þarf að skoða það betur. Það er komið að smá viðhaldi á útisvæði og er það aðallega hóllinn sem þarf að laga.